

árinu í skólanum. Síðan hef ég haldið þessu striki, nema hvað ég hef alltaf öðru hverju málað landslag og teiknað. Raunar sýndi ég hreinræktaðar landslagsmyndir á fyrstu sýningu minni í Norræna Húsinu 1977.“

„Og það sem þú gerir undir merki abstraktlistar, sýnist þegar vel er að gáð vera ættað úr landslagi. Er það rétt?“

Ég held að maður hafi formskyn sitt og fegurðartilfinningu frá landslaginu og birtunni; ég veit ekki hvaðan úr veröldinni það ætti annars að vera?“

„Kannski úr tímaritunum?“

„Nei, þau hafa ekki haft áhrif á mig, en eru annars ágæt til þess að fylgjast með því sem er að gerast og gerjast í veröldinni. Það er svo annað mál, að sumir úr röðum hinna yngri virðast mála beint uppúr þeim. Þegar ég var á mótunarskeiði, voru svona útlend tímarit um myndlist nánast ekki til; að minnsta kosti man ég ekki eftir þeim. Menn fylgdust með því nýjasta að utan með því að fara þangað og sjá sýningar. Ég minnst þess, að Valtýr var duglegur við slíkt; hann fór þá til Parísar og kynnti okkur með ljósmyndum það nýjasta af nálíni.“

„Það var mikið horft til Parísar á þessum árum?“

„Já, allir voru sammála um, að nafli myndlistarheimsins væri einmitt þar. Það átti þó ekki fyrir mér að liggja að komast þangað. Að skólanum loknum gerðist ég barnakall og fyrirvinna og málaði lítið sem ekki neitt í mörg ár, en kenndi og var á togurum. Þessi millikaffi í lífi mínu stóð frá 1952 og framundir 1970. En á þeim árum fór ég raunar til Danmerkur og lærði þar skiltaskrift og skreytingar.“

„Og þegar þú byrjaðir á nýjan leik um 1970, var París ekki lengur nafli myndlistarheimsins.“

„Nei, þá kom mér ekki til hugar lengur að fara þangað. Popplistarkeiðið var í þann veginn á enda runnið um þær mundir og þar höfðu Kanarnir náð frumkvæðinu í fyrsta sinni og þegar þarna var komið sögu, var miklu meira horft til Ameríku en Parísar eða annarra Evrópuborga.“

„En þú komst aldrei við í poppinu?“

„Ég get ekki sagt það. Það var ekki poppylgjan, sem rak mig vestur. Um þetta leyti var einnig nýja raunsæismálverkið í tízku, en ekki hreyfði það við mér heldur. Abstraktmálverkið var farið að dala þá, eða að minnsta kosti alls ekki í tízku, en ég sneri mér samt að því, jafnframt því sem ég málaði landslag. Ég held, að einhver landslagsminni séu á bak við allt sem ég geri, þótt áhorfandinn sjái ekki annað en það sé abstrakt. Á þetta hafa gagnrýnendur raunar minnst, bæði hér heima og erlendis, svo það virðist augljóst. Hvað er eðlilegra; við erum alltaf að góna á þetta fallega land okkar. Að minnsta kosti hrifur það mig mjög, einkum víðáttur og sléttlendi svo sem sunnanlands. Það lyftist mjög á mér brúnin, þegar ég kem austur á Kambabrun og sé austur yfir Ölfusið og Flóann. Og að koma suður Kjalveg og sjá suður af Bláfellshálsi og þar fyrir framan, þegar sléttlendið opnast; það er stórfenglegt. Ég mála stundum víðáttumyndir að gamni mínu, eða til tilbreytingar og hygg að það geri mér svipað gagn og skáldsagnahöfundur, sem grípur í annað skáldskaparform, til dæmis smásögu. Þetta er heldur ekki alveg bundið við Ísland. Slétturnar miklu í Mið-Ameríku höfðu á mig sömu áhrif, en auk þess er gott að vera þarna í Ameríku miðri; oftast háþrýstingur og maður vaknar alltaf vel upplagður á morgnana.“

„Ertu mikilvirkur málari?“

„Nei, síður en svo. Ég er ekki afkastamikill og dútla mikið við smáatriði. Og ég lifi ekki af listinni. Til þess að eiga fyrir efni og fyrir salti í grautinn vinn ég sem kennari við Myndlista- og handíðaskólann; kenni þar í malaradeild.“

„Á hvað leggurðu áherzlu í þinni kennslu?“

„Að menn læri sitt fag og sigli síðan sinn sjó. Til þess þarf nokkurn kjark. Skóli er alltaf tvíátta: Hann vill ráða ferðinni, en um leið gera alla frjálsa. Þá fjóra mánuði sem ég kenni, mála ég lítið. Kennslan þurrkar mann dálítið upp, en hefur aftur á móti þann kost í för með sér, að sumarið hefur maður til eigin afnota og sumarið er minn tími. Bezt finnst mér að vera inni í góðu veðri og mála. En ég kvíði fyrir vetrinum og mála þá meira til að þrúka til næsta vors en af því ég sé upplagður til þess.“

GÍSLI SIGURÐSSON

Rætt við RÚNU GÍSLADÓTTUR, málara, kennara, rithöfund og húsmóður, sem opnar í dag málverkasýningu á Kjarvalsstöðum.



Ein stærsta myndin á sýningu Rúnu er nánast alveg abstrakt.

# BLÁMINN ER ALLT UM KRING



Rúna Gísladóttir og ein af myndunum, sem verða á sýningunni, þar sem saman tvinnast lífræn og geómetrisk form.

**V**ar það blámi Tjarnarinnar á köldum vetrardögum sem hreif hana þegar hún sem barn sat uppi risi í húsi við Lækjargötuuna og horfði gegnum rúðuna? Eða kannski kaldur litur Keilis þegar hún bjó í nálægð hans á Vatnsleysuströndinni?

En listakonan sjálf hristir bara höfuðið hálfundrandi yfir þessum bollaleggingum um bláa litinn í myndum hennar og svarar blátt áfram og næstum hæversklega: „Mér þykir liturinn bara fallegur.“

Rúna Gísladóttir myndlistarkona opnar núna sína fyrstu einkasýningu á Kjarvalsstöðum. Áður hefur hún tekið þátt í mörgum samsýningum, eða allt frá því hún útskrifaðist úr malaradeild Myndlista- og handíðaskólans 1982.

Rúna fæddist í Kaupmannahöfn árið 1940, en fluttist með foreldrum sínum, Thoru Kristjánssyni hjúkrunarfræðingi og Gísla Kristjánssyni ritstjóra, til Íslands sex ára gömul. Var hún þá sett í leikskóla til Bryndísar Zoëga til að læra íslenskuna betur. Bryndís var fyrsta útlærða föstran á Íslandi, og hjá henni lærði hún að gera klippimyndir, sem hún reyndar síðar á ævinni átti eftir að fást við.

En myndlistarkonan er fyrrverandi kennari og rithöfundur. Í tíu ár stundaði hún kennslu bæði í Reykjavík og á Vatnsleysuströnd, og þýddi og skrifaði margar barnabækur, meðal annars bókaflökkinn um Önnu Heiðu.

„Það er algengt að þeir sem geti skrifað geti einnig unnið við myndlist,“ segir Rúna, „en mér dettur oft í hug viðtal sem haft var við rithöfund nokkurn fyrir fáeinum árum. Hann sagði að myndlistarmaðurinn þyrfti alltaf að opinbera sjálfan sig, væri berskjaldaður, en rithöfundurinn gæti falið sig bak við persónur sínar. Eftir að hafa reynt hvort tveggja þá er ég sammála honum.“

En hvað varð til þess að kennarinn og rithöfundurinn sneri við blaðinu og gerðist myndlistarmaður?

„Ég hef alltaf teiknað frá því ég man